

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 18/2013****2013/EES/31/18****frá 1. febrúar 2013****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/C 326/07 frá 2. nóvember 2010 um evrópskan fjölgagsmunavettvang um rafræna reikningagerð (rafrænir reikningar) <sup>(1)</sup>.
- 2) Til þess að tryggja góða framkvæmd EES-samningsins ber að víkka gildissvið bókunar 37 við EES-samninginn þannig að hún taki til evrópsks fjölgagsmunavettvangs um rafræna reikningagerð (rafrænir reikningar), sem settur var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/C 326/07, og breyta IX. viðauka við EES-samninginn þannig að fram komi hvaða málsmeðferð ræður samskiptum við þennan vettvang.
- 3) IX. viðauki og bókun 37 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 31ec (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31ed. **32010 D 1203(02)**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/C 326/07 frá 2. nóvember 2010 um evrópskan fjölgagsmunavettvang um rafræna reikningagerð (rafrænir reikningar) (Stjtíð. ESB C 326, 3.12.2010, bls. 13).

Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum evrópsks fjölgagsmunavettvangs um rafræna reikningagerð (rafrænir reikningar).“

*2. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við í bókun 37 við EES-samninginn með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.:

„38. Evrópskur fjölgagsmunavettvangur um rafræna reikningagerð (rafrænir reikningar) (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/C 326/07).“

*3. gr.*Íslenskur og norskur texti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/C 326/07, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*5. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB C 326, 3.12.2010, bls. 13.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.